Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogi, 28. mars 2023
230312392

E R I N D I S B R É F

Starfshópur um ráðhús í Kópavogi

Ábyrgðarmaður: Bæjarstjórinn í Kópavogi

Inngangur:
Húsnæði stjórnsýslu Kópavogsbæjar er staðsett að Digranesvegi 1, Hamraborg 8 og Fannborg 2. Húsnæði velferðarsviðs er komið að þolmörkum, sem og húsnæði mennta-, stjórnsýslu – og umhverfissviðs. Ljóst er að þörf er á finna nýtt húsnæði sem að rúmar alla stjórnsýslu sveitarfélagsins á einum stað.

Hlutverk:
Hlutverk hópsins er að gera þarfagreiningu á húsnæði undir stjórnsýslu Kópavogsbæjar, kortleggja möguleika á bestu staðsetningu á ráðhúsi sveitarfélagsins. Í kjölfar þess sendir hópurinn niðurstöður sínar til bæjarráðs með tillögum að næstu skrefum.

Helstu verkefni/viðfangsefni:
Þarfagreining á húsnæði fyrir stjórnsýslu Kópavogsbæjar – Ráðhús.
Kortleggja mögulegar staðsetningar.
Framkvæma viðhorfskannanir.
Viðræður við hagsmunaaðila.
Senda bæjarráði tillögur að næstu skrefum.

Starfshópinn skipa:
Bæjarstjóri
Fulltrúar meirihluta bæjarstjórnar (2)
Fulltrúi minnihluta bæjarstjórnar (1)
Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs
Sviðsstjóri umhverfissviðs
Skipulagsstjóri

Starfsmaður /verkefnisstjóri starfshópsins:
Verkefnastjóri skrifstofu stjórnsýslusviðs.

Starfstímabil og skil:
Starfshópurinn skili tillögum fyrir lok október 2023.

Kópavogi, 20. mars 2023

_____

Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri

DRÖG
Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026